

Priðji fundur Umhverfisnefndar 2018-19 haldinn 12. desember 2018 klukkan 13:00

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Sigurbjörn Ási, Jóhannes Birgir, Hilmar Nói, Stefanía Guðrún, Sóley Mist, Rúnar Smári, Signý Heiða.

Fulltrúar starfsfólks: Dóra Esther Einarsdóttir deildarstjóri og Hildur Björg Georgsdóttir leiðbeinandi. Fulltrúi foreldra: komst ekki á fundinn.

Við stóðum við verkefnið sem við settum okkur fyrir þennan fund. Að fara í vettvangsferð á gámasvæðið. Við sáum mikið rusl við Skaftá. Við mundum eftir því að íbúum í Skaftárhrepp gekk ekki nógu vel að flokka á rétta staði. Plast var t.d. í vitlausum gám.

Við ákváðum í vettvangsferðinni að senda sveitastjóra Skaftárhrepps bréf til að fá ruslatunnu við sjoppuna til að allt ferðafólkið og fleiri gætu sett ruslið í ruslafötuna. Þau vildu fá ruslatunnuna þar því þeim ofbáuð ruslið.

Börnin sömdu bréf til sveitastjóra sem við ætlum að afhenda henni fyrir næsta grænánafund. Bréfið sem börnin sömdu hljómar svona:

Kæra Sandra

Viltu setja ruslatunnu út í móa, á móti sjoppunni. Því það er svo mikið rusl við Skaftá svo fólk geti hent ruslinu í ruslatunnuna.

Bestu kveðjur

Signý Heiða, Sigurbjörn Ási, Rúnar Smári, Jóhannes Birgir, Stefanía Guðrún, Hilmar Nói, Sóley Mist, Dóra og Hildur.

Eftir síðustu kosninu um nöfn á deildirnar kom upp ein hugmynd í viðbót. Sem við ákváðum að viðra við börnin og leyfa þeim að ákveða hvort þeim litist eitthvað á þessar hugmyndir. Upp kom hugmynd um ævintýraland og undraland.

Upp kom spurningin – hvað eru kosningar? Sum börnin voru alveg með það á hreinu. Þá gerir maður svona kross og það er svona þegar maður gerir línu og línu. En við útskýrðum að með því

að kjósa og gera kross þá er maður að segja það sem maður vill. Krossinn eru orðin okkar í kosningum.

Skiptar skoðanir voru á nöfnum á deildirnar og munaði ekki miklu í kosningu meðal barnanna. Þegar öll börnin höfðu kosið munaði ekki nema einu atkvæði. Vildu börnin gefa öðru starfsfólki kost á að kjósa til að fá lokaniðurstöðu með fjölda atkvæða á hvorri tillögu. En meirihlutinn vildi ævintýraland og undraland.

Allir samþykktu þessa tillögu og sleit Dóra stuttum en skemmtilegum fundi.

Fundargerð

Dóra Esther Einarsdóttir